

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. janúar 2006, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2006 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækk-anir er fallið hafa í eindaga til og með 16. janúar 2006, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisauka-skatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skila-skylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálag-ningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, iðgjaldi í Lifeyrissjóð bænda, vinnu-efirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skila-gjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofu-húsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt drátt-arrvextum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostn-að. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekju-skatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðslu-áskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2006.

Tollstjórinn í Reykjavík  
Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli  
Sýslumaðurinn á Akranesi  
Sýslumaðurinn í Borgarnesi  
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi  
Sýslumaðurinn í Búðardal  
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík  
Sýslumaðurinn á Patreksfirði  
Sýslumaðurinn á Hólmavík  
Sýslumaðurinn á Siglufirði  
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  
Sýslumaðurinn á Blönduósi  
Sýslumaðurinn á Akureyri  
Sýslumaðurinn á Húsavík  
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði  
Sýslumaðurinn á Höfn  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Selfossi  
Sýslumaðurinn í Vík  
Sýslumaðurinn á Hvalsveili  
Gjaldheimta Vestfjarða  
Gjaldheimta Austurlands  
Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum